

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2010.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.e. sorphirðu og sorpeyðingu, sbr. samþykkt nr. 615/2004 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra fyrir árið 2010, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Sorphirðu- og sorpeyðingargjald frá íbúðum í þéttbýli og dreifbýli með tunnur	30.000
b) Sorphirðu- og sorpeyðingargjald frá íbúðum í dreifbýli, án tunna	15.000
c) Sumarhús - gámaþjónusta og sorpeyðing	15.000

Gjalddagar eru sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2010 og öðlast gildi við birtingu.

Hellu, 29. janúar 2010.

Örn Þórðarson sveitarstjóri.